

Nd. 200. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 11 24. apríl 1965, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson,
Halldór E. Sigurðsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	73.22	01	Tankar úr ryðfriú stáli sérstaklega fyrir mjólk	0
2.	84.11	01	orðist svo:	
		01	Heyblásarar	0
3.	84.22		Eftirtalið númer breytist þannig:	
		05	Heyblásarar (til að færa til hey)	0
4.	84.23		Eftirtalið númer breytist þannig:	
		04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar	0

5.	84.24	Númerin breytist svo:		
	01	Plógar		0
	02	Herfi		0
	03	Áburðardreifingar		0
	09	Aðrar jarðræktarvélar		0
6.	84.25	Eftirtalin númer breytist svo:		
	02	Aðrar sláttuvélar		0
	03	Uppþökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti		0
	04	Rakstrar- og snúningsvélar		0
	05	Flokkunarvélar		0
	09	Annað		0
7.	84.26	orðist svo:		
		Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:		
	01	Mjaltavélar		0
	02	Mjólkurvinnsluvélar		0
	09	Aðrar		0
8.	87.01	Eftirtalið númer breytist þannig:		
	11	Almennar hjóladráttarvélar		0

2. gr.

Á 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 17/1966, er gerð þessi breyting:

Á eftir 46. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Að endurgreiða ræktunarsamböndum aðflutningsgjöld af skurðgröfum og jarðýtum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu leggja flutningsmenn til, að landbúnaðarvélar verði tollfrjálsar. Í gildandi lögum eru flestar landbúnaðarvélar í 10% tolli, nema sumar stærri vélar, t. d. jarðýtur og skurðgröfur, sem eru nú í 25% tolli.

Eftir breytingu á gengi krónunnar, sem gerð var í nóvembermánuði s. l., hafa tollarnir mikil áhrif til hækkunar á verði þessara véla, sem var þó nógu hátt fyrir, miðað við þann þrönga stakk, sem þessum atvinnuvegi er nú skorinn. Sýnist einnig af þeirri ástæðu fullt tilefni til þess að draga úr þeim hækkunum, sem af gengisfellingunni leiðir.

Með auknum tæknibúnaði búanna mun verð þessara tækja í ört vaxandi mæli hafa áhrif á verð búvara til neytenda, og er því lítill ávinningur að því fyrir þá eða þjóðfélagið í heild að tolla þessi tæki. Ekki er líklegt, að bændur sætti sig við það til langframa, að aðeins lítill hluti af því fjármagni, sem liggur í tæknibúnaði búanna, sé tekinn til greina við verðlagningu landbúnaðarvara, eins og nú á sér stað.

Flutningsmenn telja, að hlutur landbúnaðarins verði bezt tryggður með því að lækka sem mest framleiðslukostnað búanna, og ekki er líklegt, að það verði gert á annan veg en með aukinni tækni og hóflegu verði á rekstrarvörum og tæknibúnaði, ásamt viðunanlegum kjörum á stofn- og rekstrarlánnum.

Þegar til lengdar lætur, verða neytendum bezt tryggðar góðar og ódýrar landbúnaðarvörur með því að búa þannig að bændastéttinni, að hún sé þess megnug að taka vaxandi tækni í þjónustu sína. Þar af leiðir, að þarna fara saman hagsmunir bænda og launþega, sem og í mörgu öðru, þegar vel er að gætt.

1. gr. frumvarpsins þarf ekki frekari skýringa við.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að ræktunarsambönd fái endurgreiðslu á tollum af jarðýtum og skurðgröfum, en tollurinn verði óbreyttur til annarra frá því, sem nú er.